



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Fundargerð

Yfirskrift / efni: Formannafundur í kjölfar málþings sama dag.

Staðsetning: Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Hvenær: Fimmtudaginn 18.06.2014 kl. 19:10

Mætt(ir): Þórarinn Már Þorbjörnsson ÍR
Þorleifur Jón Hreiðarsson KR
Andrés Haukur Hreinsson ÍR
Viktor Davíð Sigurðsson KFR
Jóhann Ágúst Jóhannsson ÍR
Jón Grímsson ÍR

Fundarritari: VDS

Helstu mál: Eftirmálar málþings sama dag vegna þingskjala 10 og 11 af nýafstöðnu þingi KLÍ.

Dagskrá fundarins:

1. Þingskjal 11 (Deildarkeppni kvenna)

Fundurinn samþykkti það einróma að samþykkja þá tillögu sem upphaflega kom til þings KLÍ, og þar að auki, í anda málþings, að lagt yrði upp með úrslitakeppni á milli 2ja efstu liða í efstu deild kvenna.

2. Þingskjal 10 (Reglugerð um íslandsmót liða).

Þar sem að tillaga keilara á samfélagsmiðlum og málþingi snéri um að útvíkka reglugerðarbreytingu yfir á aðrar deildir, þá var sú tillaga í raun rædd. Eftir þónokkrar umræður, með anda málþingsins í huga, þá var fundurinn á því að mjög líklega yrði meiri skaði en gagn af því að færa breytinguna yfir á aðrar deildir. Þó voru menn sammála um að þingskjalið hefði verið nokkuð gallað, en þrátt fyrir það var ekki með góðri samvisku hægt að draga ákvörðun þings til baka, sérstaklega í ljósi þess að málþingið var ekki einhuga um það. Fundurinn var almennt á því að það yrði mjög mikið mál að færa þetta síðan aftur til baka, ef að samþykkt yrði að gera breytingu í öllum deildum. Með þetta í huga og þar að auki þar sem að málþingið var ekki einhuga um hvað skyldi gera, þá var sú tillaga að útvíkka breytingu yfir á aðrar deildir fellt með 5 atkvæðum á móti einu. Þorleifur vildi láta bóka það, að KR-menn hefðu viljað sjá breytinguna fara yfir á allar deildir víst að breyting var á annað borð samþykkt. Því stendur ákvörðun þings KLÍ og þannig verður 1.deild 2014-2015 með 3 manna liðum.

Fundi slitið kl 19:10